

Nr. 19-007 S 006 Lubbi VE 27 skemmtibátur**Leki kom að bátnum**

Skipaskr.nr. 5665
Útgerð: Ufsaberg ehf.
Smíðaður: Danmörk
Stærð: 5,57 brl. 6,20 bt.
Mesta lengd: 8,96 m Skráð lengd: 8,86 m
Breidd: 2,55 m Dýpt: 1,30 m
Vél: Ford, 130 kw,
Fjöldi skipverja: 4



Lubbi © Eyjar.net

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 24. maí 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 25. janúar 2019 var Lubbi VE 27 í innsiglingunni í Vestmanneyjahöfn. Veður: ASA 3 m/s.

Á leið til hafnar tilkynnti Lubbi á VHF rás 16 að leki væri kominn að bátnum og hann væri að sökkva. Stuttu síðar var tilkynnt að báturinn væri kominn upp í fjöru og óskaði eftir aðstoð. Dráttarbáturinn Lóðsinn fór til að aðstoða bátinn og tók hann að bryggju þar sem hann var hífður á land.

Við rannsókn kom fram:

- að báturinn var staddur út af Eiðinu og á útleið þegar lekinn byrjaði;
- að lekinn var frammarlega á botni bátsins sb-megin og inn í káetu. Hann var lítill í upphafi en jókst jafnt og þétt;
- að lensidælan hafði ekki undan og skipverjar reyndu einnig að ausa bátinn en höfðu ekki undan;
- að til að bjarga bátnum var honum siglt upp í fjöru;



- að lekinn á bol bátsins var með koparplötu fyrir frárennslisúttaki sem upphaflega var frá salerni sem búið var að fjarlægja úr honum;
- að koparplatan var um 40x40 cm að stærð og boltuð í trefjaplastið með gegnumgangandi 12 mm boltum. Plasttrefjað var yfir boltahausana;
- að við skoðun kom í ljós að einn boltann vantaði í koparplötuna og sjórinn komst þar inn í bátinn óhindrað.

Nefndarálit:

Orsök lekans er að plata yfir úttaki var ekki þétt vegna tæringar á einum boltanum sem festi hana.